

GEISLAGATA 9
600 AKUREYRI
SÍMI 462 1000
Fax 462 1547
Kt.: 410169-6229

Alþingi
Erindi nr. 120/1986
Kömudagur 13/5 1996



AKUREYRARBÆR
BÆJARSTJÓRI

Akureyri 8. maí 1996

Bæjarstjórn hefir á fundi sínum í gær samþykkt eftirfarandi úr gerðabók bæjarráðs, dags. 2. maí s.l.:

“Leitað umsagna um lagafrumvörp. Mótmælt tekjutapi sveitarfélaga.

Borist hafa fjögur erindi öll dags. 19. apríl s.l. frá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis.

Í erindunum er leitað umsagnar um tvö frumvörp um skatt á fjármagnstekjur og breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt af þeim sökum.

Jafnframt hafa borist afrit af bréfum, sem Samband íslenskra sveitarfélaga hefir ritað efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis og félagsmálaráðherra í tilefni af frumvörpum ráðherrans, málum nr. 421 og 422. Þar kemur fram, að verði frumvarp til laga um tekju- og eignarskatt vegna álagningar fjármagnstekjuskatts samþykkt óbreytt hefði það í för með sér tekjutap fyrir sveitarfélögin, sem nemur kr. 208 milljónum árlega. Auk þess hefði álagning 10% fjármagnstekjuskatts í för með sér kr. 120-150 milljóna útgjaldaauka á ári fyrir sveitarfélögin.

Bæjarráð tekur einum rómi undir mótmæli sambandsstjórnarinnar, en þar er þess „krafist að sveitarfélögin í landinu verði ekki fyrir fjárhagstjóni vegna setningar laga um fjármagnstekjuskatt“.

Þetta tilkynnist hér með.



Nefndadeild Alþingis
c/o Guðjón Rúnarsson
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík